

Vestmannaeyjum, 20.október 2003

Reglur um aðkomu bæjarins við gerð veggja

1. 1. *Varðandi nýframkvæmdir*
 1. 1.1. Vestmannaeyjabær tekur ekki þátt í kostnaði við gerð nýrra veggja eða nýrra grindverka á lóðarmörkum.
 2. 1.2. Heimilt er þó að víkja frá þessari reglu og greiða fyrir undirstöðu girðingar, sýni lóðarhafi fram á með óyggjandi hætti að hann hafi orðið fyrir umtalsverðu tjóni vegna framkvæmda bæjarins. Getur Vestmannaeyjabær þá greitt allt að helmingi kostnaðar við nýframkvæmdina, en þó aldrei hærrí fjárhæð en sem nemur efniskostnaðinum. Með umsókn lóðarhafa um þátttöku bæjarins í kostnaði, skal fylgja uppdráttur, kostnaðar- og framkvæmdaáætlun.
2. 2. *Varðandi viðgerðir eða endurbyggingar á veggjum eða grindverkjum*
 1. 2.1. Verði skemmdir á veggjum eða grindverkum í eigu lóðarhafa vegna háttsemi bæjarins, ber Vestmannaeyjabæ eða eftir atvikum tjónvaldi að bæta slíkt.
 2. 2.2. Lóðarhafi skal skriflega óska eftir aðkomu bæjarins, þar sem hann skal rökstyðja með óyggjandi hætti hver skaðinn sé og hver hafi valdið honum. Framkvæmdastjóri Umhverfis- og framkvæmdasviðs metur svo hverju sinni að hve miklu leyti bærinn skuli taka þátt í kostnaði vegna viðgerða eða endurbyggingar.

Samþykkt
Bergur Ágústsson, bæjarstjóri